



## Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 17. desember 2012, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 í Bjarmanesi

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Svenny Hallbjörnsdóttir, Signý Richter, Elín Rafnsdóttir, Guðjón Ólafsson fræðslustjóri og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri.

Undir dagskrárlið 1 mættu: Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Inga Rós Sævarsdóttir

Undir dagskrárlið 2 mættu: Þórunn Bernódusdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá fundarins:

1. Grunnskólinn:
  - a) Fjárhagsáætlun
  - b) Frístundaver
  - c) Skólamáltíðir í 1. – 4. bekk – Kántrýbær/skólinn
2. Leikskólinn:
  - a) Fjárhagsáætlun
  - b) Yfirlit yfir starfsemina og starfsmannamál
  - c) Tillögur að breytingum á úthlutunarreglum
3. Önnur mál

### 1. Grunnskólinn

- a) Fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun skólans sem sveitarstjóri og skólastjóri skýrðu. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrartekjur skólans verði 21,7 millj., launakostnaður verði 104,9 millj., vörukaup nemi 3,9 millj. og þjónustukaup verði 8,1 milljón. Reiknuð þjónustukaup innri þjónustu eru áætluð 10,3 millj. Samanlagðir þessi þættir eru því áætlaðir 105,6 millj. Kostnaður við skólamötuneyti að teknu tilliti til endurgreiðslna er áætlaður 4,5 millj.

Við gerð fjárhagsáætlunar var miðað við að kennarastöður væru 14,17 og stöður skólaliða, stuðningsfulltrúa og húsvarðar væru 3,95. Í mars er gert ráð fyrir 3,5-4,5% hækkun launa. Almennar verðlagshækkningar eru áætlaðar 4,5%



Fræðslunefnd ræddi áætlunina og fékk skýringar á einstökum þáttum hennar.

### b) Frístundaver

Skólastjóri gerði grein fyrir rekstri frístundavers sem á ný var sett á laggirnar sl. haust. Fram kom að sá hópur sem nýtir sér frístundaverið er á bilinu 14-22 börn. Miklar umræður urðu um starfsemi og fyrirkomulag frístundaversins.

### c) Skólamáltíðir í 1. – 4. bekk – Kántrýbær/skólinn

Skólastjóri fór yfir þá hugmynd að heppilegra væri að nemendur í frístundaveri fá mat í skólanum en þurfi ekki að fara í Kántrýbæ til að borða. Miklar umræður urðu um málið. Fram kom að sveitarstjóri hafi hafnað því að umrætt fyrirkomulag verði tekið upp vegna kostnaðar. Skólastjóri mun taka saman frekari upplýsingar um málið.

## 2. Leikskólinn:

### a) Fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun fyrir leikskólann sem sveitarstjóri og leikskólastjóri kynntu. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrartekjur leikskólans verði 13,4 millj. launakostnaður verði 38,8 millj. vörukaup verði 3,9 millj. og þjónustukaup verði 1,6 millj. Reiknuð þjónustukaup innri þjónustu eru 3,2 millj. Heildarniðurstaða við þessa þætti er áætluð 34 millj.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir leikskólann var miðað við 7,56 stöðugildi. Í mars er gert ráð fyrir 3,2% hækkun launa. Almennar verðlagshækkningar eru áætlaðar 4,5%

Umræður urðu um áætlunina en ekki gerðar athugasemdir.

### b) Yfirlit yfir starfsemina og starfsmannamál

Leikskólastjóri ræddi starfsmannamál og greindi frá stöðu þeirra og breytingum sem orðið hafa á árinu og hvernig auglýst er eftir leikskólakennurum við skólann. Hún greindi einnig frá fjölda barna sundurliðað eftir dvalartímum og kom fram að fjölgun hafi orðið miðað við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir á fyrri hluta þessa árs.

Leikskólastjóri fór yfir starfsemina almenn og helstu viðburði í leikskólastarfinu.

Fyrir fundinum lá bréf Dagnýjar Úlfarsdóttur dags. 26. október 2012 þar sem gerð er athugasemd við starfsmannahald leikskólans og hvatt til



Þess að fleiri menntaðir starfsmenn verði ráðnir til starfa. Fræðslustjóri fór yfir þær athugasemdir sem gerðar voru í bréfinu og greindi frá því að hann hafi átt viðtöl við bréfitara og gengið frá þeim ágreiningsefnum sem fram koma í bréfinu. Eftir standi auðvitað að ráða þurfi fleiri starfsmenn með leikskólakennaramenntun.

Fræðslunefnd ræddi málið og samþykkti að beina því til sveitarstjórnar að taka á ný upp stuðning við þá sem hafi hug á að stunda leikskólakennaranám með það að markmiði að fjölga starfsmönnum með fagmenntun.

### c) Tillögur að breytingum á úthlutunarreglum

Fyrir fundinum lá tillaga leikskólastjóra að breytingum á úthlutunarreglum

#### Tillaga að breyttum úthlutunarreglum

- Börn eru tekin í dvöl í leikskólanum Barnabóli frá 1. árs aldri.
- Úthlutun fer fram samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum og alla jafnan eftir kennitölu barns (aldri), dagsetningu umsóknar og í óskaðan dvalartíma eða í það pláss sem laust er í leikskólanum.
- Vegna skiplagsvinnu getur leikskólastjóri úthlutað dvalarplássum þrjá mánuði fram í tímann skv. fyrirbyggjandi umsóknum þó barn hafi ekki náð inntökualdri.
- Heimilt er að sækja um leikskóladvöl fyrir barn frá þriggja mánaða aldri.
- Inntaka nýrra nemenda fer fram yfir allt árið í laus dvalarpláss
- Börn á sjötta ári ganga fyrir öðrum börnum með dvalarpláss
- Hægt er að óska eftir og veita forgang vegna barna með sérþarfir;
  - Greining þarf að vera fyrirbyggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum t.d. fræðslustjóra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingi, barnalækni eða talmeinafræðingi.
  - Einnig vegna barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsþjónustu A-Hún.
  - Leikskólastjóri metur beiðnir um forgang sem berast og hefur samráð við formann fræðslunefndar og sveitarstjóra.
- Sækja verður sérstaklega um afslátt sem veittur er einstæðum foreldrum. Leggja þarf fram vottorð frá þjóðskrá um sambúðarform. Foreldri sem nýtur afsláttar sem einstætt foreldri



ber að láta strax vita ef breyting verður á sambúðarformi.  
Afslátturinn er endurkræfur ef um misnotkun er að ræða.

Fræðslunefnd ræddi breytingu á úthlutunarreglunum en þær voru síðan samþykktar.

### **3. Önnur mál**

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.50

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Signý Richter,

Elín Rafnsdóttir,

Guðjón Ólafsson

Hildur Ingólfssdóttir,

Erna Hreinsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Þórunn Bernódusdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Magnús B. Jónsson